
SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

5. FUNDUR ATVINNU OG LANDBÚNAÐANEFNDAR KJÖRTÍMABILID 2022-2026

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, MÁNUDAGINN 10. JÚNÍ 2025, KL. 16:30

Formaður setti fundinn að gættri fundarboðun og leyfi fundar til fundarstjórnar.

Mættir til fundar eru eftirfarandi:

Sigurdis Samuelsen
Jóhanna R. Kristjánsdóttir formaður, Guðmundur Halldórsson,
~~Aðalsteinn L. Valdimarsson~~, Arthúr Rúnar Guðmundsson og
Eiríkur Valgeir Scott.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri sat einnig fundinn.

Fundargerð ritar sveitarstjóri.

Gengið var til dagskrár samkvæmt eftirfarandi:

Dagskrá:

**1. Niðurfelling Kollafjarðalínu – framsal girðingar – bréf ATRN
dags. 29.1.2025**

Nefndin leggur til að girðingin verði aflögð og fjarlægð, en með fyrirvara um afstöðu aðliggjandi sveitarfélaga. Með vísan til erindis er það afstaða Súðavíkurbrepps að í því felist ekki skuldbinding til að standa straum af þeim kostnaði sem felst í verkinu.

**2. Skipulag skógræktar – stjórn Vina íslenskrar náttúru - bréf
dags. 4.6.2025**

Nefndin þakkar félaginu Vinir íslenskrar náttúru fyrir erindið og kemur þeim skilaboðum áfram til viðkomandi nefndar, að taka tillit til vistkerfa við úthlutun leyfa og afgreiðslu og mótun skipulags. Nefndin tekur undir með VÍN um mikilvægi þess.

3. Matskvarði fyrir úthlutun nýsköpunarstyrkja

Atvinnu- og landbúnaðarnefnd vísar málinu til sveitarstjórnar til lokaafgreiðslu.

4. Önnur mál.

- a. Erindi frá Bjarmalandi – félagsskapur atvinnuveiðimanna í refa- og minkaveiðum. Tillaga að samningsformum og samræmingu gjalds fyrir minka- og refaveiðar.
Súðavíkurbhreppur þakkar fyrir erindið og skoðar þau samningsmál sem varða framangreindar veiðar. Sveitarstjóra falið að kanna hvort til séu skrár yfir þekkt grenstæði í Súðavíkurbhreppi til þess að auðvelda grenleit og veiðar. Ef ekki er til staðar skrá verði óskað eftir því að sá sem stundar veiðarnar leggi slíka skrá fram og greitt verði fyrir þá samantekt.
- b. Hvítanes.
Nefndin leggur til við skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd að kanna hvort ekki sé tímabært að ráðast í lagfæringar á göngustíg og steinhleðslum við Hvítanes og koma upp salernisaðstöðu.
- c. Girðingar í Álftafirði.
Nefndin leggur til að sveitarstjóra verði falið að ýta á eftir erindi til Vegagerðarinnar um að klára girðingarvinnu frá Svarthamri inn fyrir Svarfhól og fjárræsi við Svarthamar. Nefndin leggur jafnframt til við skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd að ítreka við Vegagerðina að afgreiða erindi um girðingu frá ristarliði við Súðavík inn fyrir Svarfhól.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:15

Sigurdís Samúelsdóttir
Sigurdís Samúelsdóttir

Eiríkur Valgeir Scott
Eiríkur Valgeir Scott

Arthúr R. Guðmundsson
Arthúr R. Guðmundsson

Guðmundur M. Halldórsson
Guðmundur M. Halldórsson

Jóhanna R. Kristjánsdóttir
Jóhanna R. Kristjánsdóttir